

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977,
með síðari breytingum.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Jöfnur, sem gilda um útreikninga á heimæðagjaldi í a, b og c lið verði sem hér segir:

$$a) H = 424.451 + 463 \times V$$

$$b) H = 636.676 + 695 \times V$$

$$c) H = \frac{H_n}{424.451 \times n + 463 \times V_n} \times (424.451 + 463 \times V)$$

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

13. desember 1979.

Nr. 513.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga
nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða- ákvæðum þús. kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða- ákvæðum þús. kr.
Grunnfjárhæð skv. lögnum, svarar til verkamannakaups í maí 1977, á gildistöku tíma laganna Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:	2 000	6 000
25. júní 1979	5 246	15 737
1. september 1979	5 727	17 180
1. desember 1979	6 480	19 440

Samgönguráðuneytið, 13. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Kristinn Gunnarsson.